



Hvar er draumurinn?

Sálin hans Jóns mín

Nýliðið ár var öðrum fremur uppgangstími Sálarinnar. Þessi kraftmikla og fjörmikla rokksveit kom sá og sigraði. Sprakk út. Plata þeirra *Hvar er draumurinn?* varð næstsöluhæsta plata ársins. **Gítarleikarinn Guðmundur Jónsson** er höfundur allra laga plötunnar og Stefán Hilmarsson semur flesta textana. Samvinna þeirra kemur sterkt út og skapar stílinn sem vonandi verður framhald á, nú á nýju ári. Titillagið tilheyrir ótvírátt flokki betri rokklaga ársins 1989.

„Þetta er með eldri lögum sem ég samdi og eru á plötunni. Ætli það sé ekki tveggja ára eða svo,“ segir Guðmundur. „Ég hafði reynt að koma lögnum mínum á framfæri við útgefendur með misjöfnum árangri. Það voru helst safnplötturnar sem manni stóðu til boða en það er þröngur bás. Platan gaf manni tækifæri til að tappa af og frjalsar hendur til að vinna úr efniviðnum og er ég hress með það. Það grípur mann samt einhver tólmleiki þegar þetta er yfirstaðið. En það hlýtur að safnast í stífluna aftur.“

„Textinn að titillaginu og öðrum lögum plötunnar varð til á Ítalíu,“ segir **Stefán Hilmarsson**. „Ég tók með mér „demó“ (upptökuprufur) svona til að fá tilfinningu fyrir þeim og finna rétta farveginn. Textinn er einfaldlega um lífsamingjuna, og hvernig hana má höndla eða ekki höndla. Mér fannst það hæfa laginu. Útsetningin hefur og mikið að segja. Við leggjum mikið upp úr því að finna „réttu“ búninginn fyrir hvert lag. Stundum tekst það sem betur fer.“